

ból og ræktað land enda er umferð óheimil innan slíkra girðinga. Á skógræktar-girðingu skulu einungis vera stigar.

2. Allt jarðrask er bannað innan fólkvangsins nema leyfi Náttúruverndarráðs komi til.

Undanskilin er hagnýting jarðhita, t. d. í Krísuvík, og mannvirkjagerð í því sambandi, sbr. þó 29. gr. laga nr. 47/1971. Jafnframt verði ekki haggð þar eðli-legrí nýtingu til búrekstrar, réttur til beitar ekki skertur innan fólkvangsins og áskilinn er í Krísuvík réttur til starfsemi í almannapágu (svo sem heilsuhæli, skólar, gistihús o. þ. u. l.). Skipulegur námurekstur, sem rekinn er innan fólkvangsins þegar auglýsing þessi verður birt í Stjórnartíðindum, má þó haldast, enda sé umgengni í samræmi við 18. gr. laga nr. 47/1971.

Tekið er fram af hálfu sveitarfélaganna allra að með stofnun fólkvangsins telja þau ekki á neinn hátt raskað eignarrétti að landi því sem fólkvangurinn tekur til.

Vafi er talinn leika á hver séu mörk Grindavíkurkaupstaðar og Vatnsleysu-strandarhrepps. Þegar úr þessum vafa hefur verið skorið með samkomulagi eða dómi verða mörk fólkvangsins færð til í samræmi við það.

Samvinnunefnd sveitarfélaganna allra fer með stjórn fólkvangsins og er hún skipuð einum fulltrúa frá hverjum aðila.

Ráðuneytið er samþykkt stofnun fólkvangsins og tekur stofnun hans gildi við birtingu þessarar auglýsingar í Stjórnartíðindum.

Menntamálaráðuneytið, 1. desember 1975.

Vilhjálmur Hjálmarsson.

Birgir Thorlacius.

AUGLÝSING

um fólkvang í Hrótey í Blöndu, Austur-Húnavatnssýslu.

Að tillögu hreppsnefndar Blönduóshrepps hefur Náttúruverndarráð ákveðið að lýsa Hrótey í Blöndu **fólkvang** samkvæmt 26. gr. laga nr. 47/1971 um náttúruvernd. Um fólkvanginn gilda þessar reglur:

1. Gangandi fólki er frjáls og heimil umferð um eyna enda varist það að skerða gróður og valda óþarfri truflun á dýralífi. Óheimilt er að raska bergmyndunum á svæðinu. Ætlast er til góðrar umgengni í hvívetna af þeim sem eyna heimsækja.
2. Umferð vélknúinna ökutækja og vinnuvéla um fólkvanginn er bönnuð. Meðferð skotvopna er einnig bönnuð nema til eyðingar meindýra eftir sérstöku leyfi hreppsnefndar Blönduósshrepps.
3. Allt jarðrask og mannvirkjagerð í fólkvanginum er óheimil nema til að greiða fyrir útivist fólks þar en í hvívetna skal haft samráð við náttúruverndarnefnd Austur-Húnavatnssýslu.
4. Bannað er að beita búpeningi í Hrótey. Eftirlit með fólkvanginum er í höndum hreppsnefndar Blönduóshrepps í samráði við náttúruverndarnefnd Austur-Húnavatnssýslu.

Til undanþágu frá reglum þessum þarf leyfi Náttúruverndarráðs eða þess sem fer með umboð ráðsins.

Um viðurlög vegna brota á reglum þessum fer eftir ákvæðum náttúruverndarlaga.

Ráðuneytið er samþykkt stofnun fólkvangsins og tekur stofnun hans gildi við birtingu þessarar auglýsingar í Stjórnartíðindum.

Menntamálaráðuneytið, 1. desember 1975.

Vilhjálmur Hjálmarsson.

Birgir Thorlacius.

